



5. ágúst 2026
USK26010421

Umsögn um tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna Gagnvegar 2

Skipulagsfulltrúi hafnar tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna Gagnvegar 2, á þeim forsendum að ekki er hægt með óyggjandi hætti að fyrirbyggja lyktar-og hávaðamengun frá þeim þvottabásum sem fyrirhugað er að byggja á þessu tiltekna svæði.

Ekki eru til fordæmi í Reykjavík um slíka starfsemi það nálægt íbúðabyggð eins og þetta tiltekna verkefni gerir ráð fyrir, að hægt sé að leggja sönnur á að starfsemin valdi ekki íbúum ónæði, hvort sem það er af völdum lyktar eða hávaða. Íbúðabygg er rétt rúmlega í 30 m fjarlægð. Við Veghús, norðan við fyrirhugaða þvottabása er uppbyggingarreitur þar sem áætluð uppbygging er íbúðabyggð og mun hún verða í um 30 m fjarlægð.

Ákvörðun og umsögn þessi er byggð á umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 15. júlí 2026.

Virðingarfyllst,
Íris Reynisdóttir
Deild skipulagsmála